

Frá umhverfisnefnd
Dags. 9. september 2015

Til bæjarráðs
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Efni: 1509105 Tillaga til fjárhagsáætlunar umhverfismála fyrir árið 2016

Á 16. fundi umhverfisnefndar þann 9. september 2015 var eftirfarandi tekið fyrir.

Umhverfisnefnd sendir bæjarráði tillögur til umhverfismála fyrir árið 2016 eru eftirfarandi með skýringum nefndarinnar:

Umhverfisnefnd – framlag til umhverfismála er vegna reksturs nefndarinnar s.s. viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi, umhverfisfræðsla.

Fræðslu- og upplýsingaskilti, nauðsynlegt að halda áfram uppbyggingu þeirra.
Útivistarkort yfir sameinaðan Garðabæ í formi útgáfu og App

Rannsóknir

- a. Samkvæmt vöktunaráætlun Vífilsstaðavatns og Urriðavatns um vatnsgæði og styrk mengunarefna.
1501499 Meðfylgjandi vöktunaráætlun Vífilsstaðavatns og Urriðavatns.
- b. 3. áfangi fornleifaskýrslu um rannsóknir á Hofsstöðum að hálfu í samstarfi við menningar- og safnanefnd.

Starfstyrkur Skógræktarfélags Garðabæjar, nefndin bendir á greinagóða starfsáætlun og að endurnýja þarf samstarfssamning við félagið.
1509027 Meðfylgjandi Starfsskýrsla Skógræktarfélags Garðabæjar 2014-2015 og beiðni til fjárhagsáætlunar.

Starfstyrkur til Skógræktarfélags Reykjavíkur vegna Heiðmerkur samkvæmt gildandi samstarfssamningi.
1508394 Meðfylgjandi yfirlit um vinnu og framkvæmdir SR í Garðabæjarhluta Heiðmerkur árið 2015.

Með kveðju

fh. Umhverfisnefndar

Erla Bil Bjarnadóttir
Erla Bil Bjarnadóttir,
umhverfisstjóri